

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. mars 2007 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-15/2006:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 20. desember sl. bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa um álit varðandi kaup hans 24. júní 2004 á rafmagnsnuddpotti af fyrirtækinu Y. Málið var áður til meðferðar hjá Neytendasamtökunum. Álitsbeiðandi segir nuddpottinn vera gallaðan, en hann hafi meira og minna verið bilaður frá því síðastliðið sumar. Í upphafi gerði álitsbeiðandi þá kröfu að fá pottinn endurgreiddan með verðbótum frá kaupdegi. Einnig gerir álitsbeiðandi þá kröfu að kostnaður hans vegna dráttar á úrlausn málsins verði bættur. Um þann kostnað vísaði álitsbeiðandi upphaflega til tölvupósts sem hann sendi Y, 7. desember sl. þar sem hann gerði kröfu um að fá pottinn endurgreiddan, að fá greiddan kostnað vegna vinnutaps, bíl- og eldsneytiskostnað fyrir ferðir á staðinn vegna viðgerða á pottinum, kostnað við flutning á pottinum í upphitað húsnæði til að forða skemmdum á honum og kostnað vegna rafmagnsnotkunar þar sem potturinn hafi gengið stanslaust á dælu í tæpan mánuð því að ekki hafi verið hægt að aftengja pottinn vegna hættu á frostskeiddum.

Hinn 21. mars sl. ritaði álitsbeiðandi kæruneftndinni bréf þar sem kemur fram að hann falli frá þeirri kröfu að kaupunum verði rift en haldi við kröfuna um að seljandi greiði honum skaðabætur og sundurliðar þá kröfu eins og síðar verður rakið.

II

Málsmeðferð nefndarinnar

Hinn 29. desember sl. ritaði kæruneftndin Y bréf og gaf fyrirtækinu kost á andsvörum. Frest til þess var veittur til 19. janúar. Í bréfinu benti kæruneftndin sérstaklega á þá almennu reglu að seljandi gæti ekki án samþykkis kaupanda firrt sig ábyrgð á söluhlut með því að semja við annan aðila um að taka að sér ábyrgðina. Engin andsvör bárust frá Y. Hinn 31. janúar ritaði kæruneftndin álitsbeiðanda bréf og bað hann að gera sundurliðaða og skriflega grein fyrir þeim útlagða kostnaði sem hann krefst að Y greiði honum. Svar við bréfi nefndarinnar barst 21. mars sl.

III

Málavextir

Álitsbeiðandi segir framangreindan rafmagnsnuddpott, sem sé af gerðinni A, 1268 lítra, hafa kostað kr. 460.000. Potturinn hafi verið settur niður við sumarhús þeirra hjóna. Samkvæmt lýsingu álitsbeiðanda kom bilun í pottinum fram síðastliðið vor sem var í því fólgin að potturinn dældi ekki vatni í gegnum sig og hitaði það ekki með réttum og eðlilegum hætti. Álitsbeiðandi kveðst þá hafa haft samband við seljandann, fyrirtækið Y, tilkynnt um bilunina og óskað eftir því að gert yrði við pottinn samkvæmt ábyrgðarskilmálum. Seljandinn hafi vísað á fyrirtækið Z sem tekið hefði við umboði fyrir A- potta og sæi um viðhald á þeim. Viðgerðamaður frá því fyrirtæki hafi komið á staðinn

nokkrum sinnum og gert tilraunir til að gera við pottinn. Að lokum hafi honum tekist að koma pottinum í gangfært ástand með því að skipta um dælu. Álitsbeiðandi segist hafa verið í sambandi við seljandann og greint honum frá öllum framgangi málsins.

Síðar um sumarið hafi farið að bera aftur á gangtruflunum sem lýst hafi sér í því að potturinn hafi ekki hitað sig eðlilega og síðan hafi hann hætt að dæla vatninu. Þá kveðst álitsbeiðandi hafa á nýjan leik tilkynnt Y og fyrirtækinu Z um bilunina og óskað eftir því að gert yrði við pottinn. Á þessum tíma hafi viðgerðamaðurinn frá Z verið farinn að tala um að skipta um pott. Enn hafi ekki tekist að laga pottinn, þrátt fyrir tilraunir og hafi þetta kostað fjölda ferða í sumarhúsið og bið eftir varahlutum.

Í síðasta samtali sínu við Y hafi forsvarsmaður fyrirtækisins sagt að hann vonaði að það tækist að gera við pottinn og endurtekið þau ummæli þegar hann hafi verið spurður að því til hverra aðgerða fyrirtækið, sem seljandi pottsins, ætlaði að grípa.

Í gögnum málsins er að finna tölvupóst til framleiðanda nuddpottsins í Bandaríkjunum frá 6. nóvember sl. og svarbréf framleiðandans þar sem hann lofar að hjálpa til við það að gert verði við pottinn.

Í bréfi álitsbeiðanda til kæruneftdarinnar 21. mars kemur fram að sá aðili sem stóð að viðgerðum á pottinum segi hann nú vera kominn í lag. Í þessu bréfi kemur fram að álitsbeiðandi fellur frá þeirri kröfu að kaupnum verði rift en heldur við kröfuna um að seljandi greiði honum skaðabætur. Í bréfinu gerir álitsbeiðandi grein fyrir því tjóni sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna galla á nuddpottinum. Hann hafi þurft að aka 720 kílómetra og tapað vinnu í einn og hálfan dag. Líklegt sé að vegna aukinnar rafmagnsnotkunar, sem stafað hafi af biluninni, hafi hann þurft að greiða 25-30.000 krónur. Nuddpotturinn hafi ekki nýst sér sem skyldi og telur álitsbeiðandi pottinn ekki hafa verið í notkun í hálf tveimur fyrstu árunum. Álitsbeiðandi telur að hæfileg greiðsla fyrir skerta notkun á pottinum sé fjórðungur af kaupverðinu eða kr. 115.000.

IV

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og fyrirtækisins Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1. gr. laga um 48/2003 um neytendakaup, en viðskipti aðila falla undir þau lög.

Kæruneftndin álitur að álitsbeiðandi hafi kvartað vegna gallans í tæka tíð sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003.

Samkvæmt bréfi álitsbeiðanda frá 21. mars sl. hefur hann fallið frá kröfu um riftun kaupanna en heldur við þá kröfu að seljandi greiði honum bætur fyrir það tjón sem hann hafi beðið vegna þeirra galla sem á pottinum hafi verið.

Kæruneftndin álitur að af gögnum málsins sé ljóst að nuddpotturinn hafi verið haldinn göllum í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. laga nr. 48/2003. Í 33. gr. laga nr. 48/2003 segir að neytandi geti krafist skaðabóta fyrir það tjón sem hann bíður vegna galla á söluhlut og um fjárhæð bótanna fari samkvæmt reglum XI. kafla laganna. Kæruneftndin álitur að samkvæmt þeim reglum eigi álitsbeiðandi kröfu til þess að fá greiddan þann kostnað sem hann hefur þurft að bera vegna tilrauna til þess að lagfæra nuddpottinn sem álitsbeiðandi gerir nú ráð fyrir að hafi tekist. Samkvæmt þessari lagagrein á hann einnig rétt bótum fyrir afnotamissi af nuddpottinum vegna viðgerðanna.

Að framan er gerð grein fyrir því hvert það tjón er sem álitsbeiðandi telur sig hafa orðið fyrir vegna galla á nuddpottinum. Kærunefndin telur að hægt sé að taka mið af þeim upplýsingum sem álitsbeiðandi hefur gefið nefndinni um tjónið. Mat álitsbeiðanda á tjóni sínu er þó þess eðlis að nefndinni þykir ekki unnt að leggja það alfarið til grundvallar. Því verði að ákvarða bótafjárhæð að álitum og er það álit nefndarinnar að bætur þær sem Y sé skylt að greiða álitsbeiðanda séu hæfilega metnar kr. 100.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Íris Ösp Ingjalbsdóttir